

AUGLÝSING

um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1718 (2006) um refsiaðgerðir gegn Norður-Kóreu.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, hefur ríkisstjórnin ákveðið að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1718 (2006) frá 14. október 2006 um refsiaðgerðir gegn Norður-Kóreu og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

1. Íslenskum ríkisborgurum er óheimilt að selja eða útvega Norður-Kóreu:
 - a. vopn og vopnabúnað, þ.m.t. skriðdreka, brynvarin stríðsfarartæki, stórskotaliðsbúnað með mikilli hlaupvidd, orrustuflugvélar, árásarþylur, herskip, flugskeyti eða flugskeytabúnað af hvaða gerð sem er. Við mat á því hvað teljist falla undir vopn samkvæmt þessum tölulið skal taka mið af skrá Sameinuðu þjóðanna um hefðbundin vopn. Sömuleiðis er óheimilt að selja eða útvega Norður-Kóreu tengd hergögn, m.a. varahluti og hluti sem öryggisráðið eða nefnd öryggisráðsins sem stofnuð er með nefndri ályktun til að fylgja eftir refsiaðgerðum gegn Norður-Kóreu telur að falla eigi undir framangreint;
 - b. alla hluti, efni, tækjabúnað, vöru eða tækni sem ýtt getur undir kjarnorkuáætlanir Norður-Kóreu og áætlanir þess lands sem tengjast skotflaugum eða öðrum gereyðingarvopnum og tilgreind eru í skrám öryggisráðsins nr. S/2006/814, nr. S/2006/815 og nr. S/2006/853, með þeim síðari breytingum og viðbótum sem öryggisráðið eða framangreind nefnd þess kann að gera á framangreindum skrám;
 - c. munaðarvörur.
2. Óheimilt er að flytja þá hluti sem tilgreindir eru í 1. tölul. til Norður-Kóreu um íslenskt yfirráðasvæði eða með skipum eða flugvélum sem skráð eru á Íslandi.
3. Íslenskum ríkisborgurum er óheimilt að láta Norður-Kóreu í té tækniþjálfun, ráðgjöf, þjónustu eða aðra aðstoð sem tengist afgreiðslu, framleiðslu, viðhaldi eða notkun þeirra hluta sem tilgreindir eru í a. og b. lið 1. tölul. hér að framan. Sömuleiðis er íslenskum ríkisborgurum óheimilt að hafa atbeina um að Norður-Kórea láti öðrum í té aðstoð af þessu tagi.
4. Óheimilt er að veita Norður-Kóreu aðstoð af því tagi sem tilgreind er í 3. tölul. frá íslensku yfirráðasvæði.
5. Óheimilt er bæði einstaklingum og lögaðilum að afhenda fjármuni eða annars konar verðmæti sem þeir hafa í vörslum sínum og eru í eigu eða undir yfirráðum einstaklinga eða aðila, sem öryggisráðið eða framangreind nefnd á vegum þess, hefur gefið til kynna að séu þátttakendur í eða styðji, meðal annars með ólöglegum aðferðum, kjarnorkuvopnaáætlanir Norður-Kóreu eða áætlanir þess lands sem tengjast öðrum gereyðingarvopnum eða skotflaugum. Hið sama gildir um fjármuni eða annars konar verðmæti í eigu eða undir yfirráðum einstaklinga eða aðila sem starfa á vegum framangreindra einstaklinga eða fara að fyrirmælum þeirra.
6. Einstaklingar, sem öryggisráðið eða framangreind nefnd þess, gefur til kynna að séu ábyrgir, meðal annars með stuðningi eða skipulagningu og fjármögnun, fyrir stefnu Norður-Kóreu viðvíkjandi kjarnorkuáætlanir landsins og áætlanir þess sem tengjast skot-

flaugum og öðrum geryðingarvopnum, er ásamt fjölskyldum sínum óheimilt að koma til Íslands eða fara um íslenskt yfirráðasvæði. Framangreint gildir þó ekki um íslenska ríkisborgara.

Utanríkisráðuneytinu, 29. nóvember 2006.

Jón Sigurðsson.

Grétar Már Sigurðsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2006